

# MEÐ OPIN AUGU

RAFN HAFNFJÖRÐ
SÝNIR LJÓSMYNDIR AÐ KJARVALSSTÖÐUM
12.-21. OKTÓBER 1979

Þessi sýning er framar öllu viðleitni
til að opna augu landa minna
fyrir mikilvægi ljósmyndalistarinnar
og raunar allrar myndlistar.
Sá sem er ólæs á myndlist
er einnig ólæs á hið mikilfenglega
land okkar og þá um leið
allt umhverfið.

Rafn Hafnfjörð

Ó dunandi eyja
sem á dögum sköpunarinnar!
ennþá í smiðju
elds, kulda og vatns
engan stað á jörðu
eigum vér dýrari

því *þetta* land
var sál vorri fengið til fylgdar.

Úr „Óður um Ísland"
eftir Hannes Pétursson.

Strax við fyrstu kynni af Rafni Hafnfjörð og verkum hans varð mér ljóst að þar fór listamaður. Skaphöfn hans öll, hrifnæmi á umhverfið og óvænt sýnin í verkum hans ásamt vandvirkni, sem reynir að ná því fullkomna, vottaði það. Einkum var mér þetta ljóst á sýningu, sem hann hélt ásamt félögum sínum í Bogasal Þjóðminjasafnsins árið 1961. Þar var sannarlega brotið upp á nýjum möguleikum ljósmyndalistarinnar með eftirminnilegum hætti.





Frá þeim tíma varð að gera til hans hinar ýtrustu listrænu kröfur enda hefur hann ekki undan þeim vikist, verið í stöðugri sókn. Má þar minnast merks áfanga er Skarphéðinn heitinn Jóhannsson arkitekt fól Rafni að gera bakgrunnssvið íslensku deildarinnar á heimssýningunni í Montreal í Canada árið 1967. Á þeim tíma voru myndir Rafns alger nýjung hér á landi í sýn og tækni, bylting liggur mér við að segja. Þær voru reyndar samstiga því sem efst var á baugi í myndlist heimsins.

Ég man það vel hvað okkur þótti mikill fengur að slíkri „fótógrafík" framan á kápu Birtings skömmu síðar, enda vakti hún verðskuldaða athygli.

Og nú kemur Rafn með fangið fullt af myndum eftir langa fjarvist, eins konar óð til Íslands í lit, ljósi og formi. Ég sagði lit, því fram að þessu hefur hann tjáð okkur geðhrif sín og sjón á blæbrigðaskala milli svarts og hvíts. Skiljanlegt er að einhvern tíma hafi það tekið hann að ná fullu túlkunarvaldi á því undri sem liturinn er. Því meiri gleði er það að sjá hversu sterkum tökum hann hefur náð á hinum nýja miðli sínum og fellt hann að fyrri reynslu.

Rafn var einu sinni að því spurður hvaða kröfur hann gerði til góðs ljósmyndara. „Í fyrsta lagi þarf hann að þekkja frumform myndlistar, í öðru lagi að kunna svo vel á myndavélina að hún verði eins og framhald af huga hans og höndum, – og í þriðja lagi þarf hann að vera skáld." Á sýningu Rafns nú, sést hvernig hann stenst þessar hörðu kröfur.

Hörður Ágústsson.





Expo 67



Skammdegisskíma

## LISTRÆN LJÓSMYNDUN

Fyrir eins og þrjátíu til fjörutíu árum síðan var ekki óalgengt að í ljósmyndatímaritum væri um það rætt, hvort ljósmyndun væri list eða ekki, og sýndist þar sitt hverjum. Margir töldu ljósmyndun vera of vélræna til að hægt væri að nota þá tækni til listrænnar tjáningar. Í bernsku ljósmyndunarinnar auglýsti Kodak fyrirtækið: „Þér þrýstið á hnappinn, allt annað gerum við." Myndavélin var þá afhent með filmu í, og þegar allar myndirnar á filmunni höfðu verið lýstar, var vélin send til Kodak, sem framkallaði filmuna, bjó til myndirnar, og sendi til baka ásamt myndavélinni hlaðinni nýrri filmu. Þannig varð ljósmyndunin almenningseign í upphafi.

Ekki er því að undra að menn efuðust um að nægjanlegt væri að þrýsta á hnapp á myndavél til að verða listamaður, enda var ljósmyndun víða um heim flokkuð sem iðngrein og nemum kennd ljósmyndun eins og hver önnur handiðn. Samtímis þeirri þróun fóru áhugamenn að fást við ljósmyndun og sum samtök þeirra lögðu mikla áherzlu á að sýna fram á að ljósmyndunin gæti verið listrænt tjáningarform. Þá var unnið markvisst að því að stækka og kopiera ljósmyndir á ýmsan hátt, þar sem hægt var að breyta raunveruleikanum á sem frjálsastan hátt. Þá var notað brómolíuþrykk og fleiri slíkar aðferðir, þar sem með pensli var hægt að gera ljósmynd þannig, að hún hafði líka áferð og málverk, eða svarthvít list. Með þessu vildu áhugamenn sýna fram á að ljósmyndin gæti staðist samanburð við málaralistina. Ekki voru þó allir á eitt sáttir við að þess gerðist þörf að eftirlíkja málverk til að ljósmyndin gæti orðið viðurkennt tjáningarform sem sjálfstæð listgrein.

Nú er þetta allt liðin tíð, og varla efast margir lengur um að ljósmynd geti verið list. Ef gerður er hlutlaus samanburður á árangri og aðferðum, þá má líka finna ótrúlega margar hliðstæður. Listamaður sem vinnur að svarthvítri pennateikningu notar til þess pappír og penna, – þó er pappír og penni notaður til margra annarra hluta en til að gera listaverk. Listmálari notar léreft, olíuliti og pensla til að gera olíumálverk, en olíulitir, málning og penslar eru líka notuð við húsamálun, sem almennt telst iðngrein en ekki listgrein. Sama gildir um hamar og meitil höggmyndasmiðsins, eða leir hans og spaða. Alla þessa hluti má einnig nota við aðra vinnu, sem ekki gerir kröfu til að vera listræn.

Ljósmyndavélin er notuð til fjöldamargra verkefna, sem alls ekki hafa þann tilgang að tjá listrænar hugmyndir. Í tæknivæddu þjóðfélagi er ljósmyndun orðin ómissandi

þáttur í öllu daglegu lífi manna. Hún er líka löngu orðin almenningseign. Í stað gömlu fjölskyldumynda-albúmanna, með safni mynda, allar teknar hjá ljósmyndasmiðnum á merkum tímamótum æviskeiðs manna, eru nú komnar litljósmyndir á pappír, teknar á hátíðum og tyllidögum, eða á ferðalögum. Allar eiga þessar myndir þó sammerkt í því að vera kærar endurminningar þeirra, sem hlut eiga að máli, en sjaldnast áhugaverðar að ráði fyrir aðra. Fæstar gera þessar myndir heldur kröfu til annars en að vera endurminningar. Þeim var ekki ætlað að vera listræn tjáning.

Aðrir hafa svo á liðnum árum og í auknum mæli á síðustu árum tekið sér myndavél í hönd í þeim tilgangi að nota hana sem tæki til myndrænna verkefna.

Þótt þetta sjónarmið varðandi ljósmyndun hafi verið lengur að ná fótfestu hér á landi en víða annarsstaðar, þá hefur þessi þróun verið greinileg einnig hér á landi.

Íslenzk iðnlöggjöf gerði upphaflega ráð fyrir því, að aðeins faglærðir ljósmyndarar mættu taka myndir og selja þær öðrum. Á það var bent í þessu sambandi, að það væri takmörkun á málfrelsi og tjáningarfrelsi ef aðeins faglærðir ljósmyndarar mættu selja ljósmynd. Þetta sjónarmið var á sínum tíma staðfest með dómi í Hæstarétti, enda myndi varla nokkur atvinnuljósmyndari í dag láta sér til hugar koma að kæra ófaglærða menn fyrir sölu ljósmynda. Ljósmyndun er svo margþætt verksvið, að iðnlærðir ljósmyndarar standa jafn vel að vígi atvinnulega séð, þótt tjáningarfrelsi með ljósmyndum sé ekki takmarkað.

En það er líka löngu liðin tíð, að þeir sem vinna vilja að listrænni tjáningu með ljósmyndum þurfi til þess að leitast við að gera eftirlíkingar af málverkum. Ljósmyndunin hefur löngu aflað sér þann sess, að viðurkennt er að með aðferðum ljósmyndunarinnar einnar getur hún verið myndrænt tjáningarform, sjálfstæð og óháð öðrum aðferðum.

Hitt er svo annað mál, að þegar um er að ræða myndræna uppbyggingu og myndform, þá gilda um hana sömu atriði og um aðrar myndir, – en fyrst og síðast þó sú staðreynd, að veldur hver á heldur. Hvort sem höfundurinn heldur á penna, pensli eða myndavél, þá er það myndin sjálf, og sú hugsun og sköpun, sem hann hefur lagt í myndina, sem ræður því, hvort hún er listaverk eða ekki, en ekki þau tæki, er notuð voru til þeirrar tjáningar, sem höfundurinn vill miðla áhorfandanum.

Hjálmar R. Bárðason.



Veiðigyðjan

## LJÓSMYNDIN Í UMHVERFINU.

Um langan tíma hefur ljósmyndin verið einn af áhrifamestu sjónmiðlum meðal okkar. Ljósmyndinni hefur verið beitt til varðveislu aðburða og í hvers konar fjölmiðlun í menningarlegum og viðskiptalegum tilgangi.

En ljósmyndin hefur líka í æ ríkari mæli haslað sér völl sem mikilsvirt listrænt tjáningarform. Listasöfn og listaverkasafnarar hafa hafið ljósmyndina til vegs, sem eitt hinna alvarlegu listforma og ljósmyndir eru eftirsóttir safngripir.

Arkitektar og aðrir sem fást við mótun og fegrun hins manngerða umhverfis hafa í samvinnu við ljósmyndara beitt ljósmyndinni til skreytinga og til að laða fram og undirstrika óskuð hughrif eða stemningu. Í stærri byggingum hefur ljósmyndin, vegna þeirra möguleika sem hún býr yfir til stækkunar og skurðar myndflatarins, notið sín betur en mörg önnur tiltæk listform.

Ljósmyndir sem uppfylla strangar fagurfræðilegar kröfur eiga ekki síður en önnur myndlist erindi inn á heimilið, vinnustaðinn eða opinberar byggingar. Þar geta þær verið sem sjálfstæð myndverk eða sem hluti stærra skipulags.

Þeir möguleikar sem ljósmyndin hefur í þessu tilliti gera hana eftirsóknarverða, ekki síst vegna þess hve auðvelt er að aðlaga hana margvíslegum þörfum og byggingarformum.

Þann ljóðræna næmleik sem ljósmyndin felur í sér, vegna þess að hún endurgefur af nákvæmni og á einangraðan hátt formin úr umhverfi okkar, er ekki alltaf auðvelt að finna í öðrum listformum nútímans. Þannig verður hún aðgengileg listgrein, sem erindi á til allra unnenda fagurra lista.

Stefán Snæbjörnsson,
innanhúsarkitekt.

## Myndskrá:

**Aðeins verða gerð 10 eintök af hverri mynd og þær númeraðar frá 1/10 – 10/10.**

| | | ár | mynd-stærð | verð án ramma | ramma-stærð | verð í ramma |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | **„Logandi standa í langri röð ljósin á gígastjaka"** - Í Skjólkvíum | 1970 | 78x78 | | | 70.000.- |
| 2 | **Úr rauðum þræði að spinna** - Surtsey | 1965 | 80x125 | | | 100.000.- |
| 3 | **Sköpun** - Surtsey | 1965 | 50x70 | 37.000.- | 70x87 | 55.000.- |
| 4 | **Hraunelfa** - Surtsey | 1965 | 50x70 | 37.000.- | | |
| 5 | **Storknun** - Útfellingar í Surtsey | 1965 | 45x70 | 47.000.- | 66x88 | 65.000.- |
| 6 | **Hálendisins hjalin I** - Bláhver og Öskurhver á Hveravöllum | 1968 | 50x70 | 37.000.- | 70x87 | 55.000.- |
| 7 | **Krýsuvíkurúður** - Leirhver í Krýsuvík | 1979 | 50x70 | 37.000.- | 70x87 | 55.000.- |
| 8 | **Bakgrunnur borgarinnar** - Esjan | 1979 | 50x70 | 37.000.- | 70x87 | 55.000.- |
| 9 | **Hrímklafar II** - Í Grímsnesi | 1979 | 50x70 | 37.000.- | 70x87 | 55.000.- |
| 10 | **Tvær samhljóma sálir** - Hljóðaklettar | 1964 | 80x120 | | | 110.000.- |
| 11 | **„Upp, upp mín sál"** - Saurbær á Hvalfjarðarströnd | 1978 | 40x70 | 32.000.- | 60x88 | 50.000.- |
| 12 | **Vorstef** - Frá Hvítársíðu - Strúturinn | 1979 | 40x70 | 32.000.- | 60x88 | 50.000.- |
| 13 | **Skammdegisgeislar** - Á Hellisheiði | 1978 | 36x46 | 21.000.- | 50x70 | 30.000.- |
| 14 | **Vatnaniður** - Hraunfossar | 1979 | 36x50 | 21.000.- | 50x70 | 30.000.- |
| 15 | **Hrynjandi** - Á Skaga | 1970 | 36x50 | 21.000.- | 50x70 | 30.000.- |
| 16 | **Hrímklafar I** - Í Grímsnesi | 1979 | 36x50 | 21.000.- | 50x70 | 30.000.- |
| 17 | **Vetrarhöll** - Skarðsheiði Skessuhorn | 1979 | 43x70 | 37.000.- | 64x87 | 55.000.- |
| 18 | **Bergrúnir III** - Úr Hljóðaklettum | 1966 | 50x70 | 37.000.- | 66x90 | 55.000.- |

| | ár | mynd-stærð | verð án ramma | ramma-stærð | verð í ramma |
|---|---|---|---|---|---|
| 19 **Hálendisins hialín II** - Útfellingar á Hveravöllum | 1968 | 50x70 | 37.000.- | 66x90 | 55.000.- |
| 20 **Vorferð III** - Skaftá | 1979 | 50x70 | 37.000.- | 66x90 | 55.000.- |
| 21 **„Hnigur sól að ægi"** - Við Þrídranga | 1971 | 50x70 | 37.000.- | 66x90 | 55.000.- |
| 22 **Daggarslóð** - Á Sprengisandi | 1969 | 50x70 | 37.000.- | 66x90 | 55.000.- |
| 23 **Mökkurinn mikli** - Gosið í Eyjum | 1973 | 50x70 | 37.000.- | 66x90 | 55.000.- |
| 24 **Annað sjónarhorn** - Skessuhorn Borgarfirði | 1979 | 50x70 | 37.000.- | 66x90 | 55.000.- |
| 25 **Fjöruborð** - Í Ólafsvíkurenni | 1966 | 50x70 | 37.000.- | 66x90 | 55.000.- |
| 26 **Bergrúnir II** - Úr Hljóðaklettum | 1964 | 50x70 | 37.000.- | 66x90 | 55.000.- |
| 27 **Andstæður** - Slyppugil - Krossá | 1968 | 50x70 | 37.000.- | 66x90 | 55.000.- |
| 28 **Djásnanna dýrð** - Úr Hattveri | 1967 | 78x78 | | | 80.000.- |
| 29 **Leysing** - Hafnarfjall | 1965 | 78x78 | | | 80.000.- |
| 30 **Hálendis töfrar** - Frá Veiðivötnum | 1968 | 78x78 | | | 80.000.- |
| 31 **Auðn** - Öskjuhraun - Herðubreið | 1969 | 78x78 | | | 80.000.- |
| 32 **Jökulrúnir** - Skaftafellsjökull | 1966 | 78x78 | | | 80.000.- |
| 33 **Ljóðheimar** - Við Hengifoss í Fljótsdal | 1969 | 78x78 | | | 80.000.- |
| 34 **Bergrúnir I** - Úr Hljóðaklettum | 1964 | 50x50 | 30.000.- | 66x70 | 45.000.- |
| 35 **Óboðnir gestir** - Hafís á Suðurlandi | 1968 | 50x50 | 30.000.- | 66x70 | 45.000.- |
| 36 **Hraunbreiða** - Öskjuhraun | 1969 | 50x50 | 30.000.- | 66x70 | 45.000.- |
| 37 **Liljur skógarins** - Við Hólatjörn í Hallormsstaðaskógi | 1969 | 50x50 | 30.000.- | 66x70 | 45.000.- |
| 38 **Vorkoma** - Systrastapi | 1979 | 36x50 | 21.000.- | 50x70 | 30.000.- |
| 39 **Krýsuvíkurróður II** - Leirhver | 1979 | 36x50 | 21.000.- | 50x70 | 30.000.- |
| 40 **Krýsuvíkurróður III** - Leirhver | 1979 | 36x50 | 21.000.- | 50x60 | 30.000.- |
| 41 **Vorferð** - Skaftá | 1979 | 36x50 | 22.000.- | 50x60 | 30.000.- |

| | ár | mynd-stærð | verð án ramma | ramma-stærð | verð í ramma |
|---|---|---|---|---|---|
| 42 **Vorferð I** - Skaftá | 1979 | 36x50 | 22.000.- | 50x60 | 30.000.- |
| 43 **Stigið í vænginn** - Á Jökulsárlóni | 1968 | 36x50 | 22.000.- | 50x60 | 30.000.- |
| 44 **Vorfiðringur II** - Norðurá (Eyrin) | 1979 | 36x50 | 22.000.- | 50x60 | 30.000.- |
| 45 **Óboðnir gestir II** - Hafís | 1979 | 36x50 | 22.000.- | 50x60 | 30.000.- |
| 46 **Strengleikur** - Norðurá (Eyrin) | 1979 | 78x116 | | | 110.000.- |
| 47 **Öræfadjásn** - Á Sprengisandi | 1969 | 78x116 | | | 110.000.- |
| 48 **Miðsvetrarmótun** - Við Úlfljótsvatn | 1979 | 50x70 | 37.000.- | 66x90 | 55.000.- |
| 49 **Öldugjálfur** - Reykjanes | 1974 | 50x70 | 37.000.- | 66x90 | 55.000.- |
| 50 **Beðið vorsins** - Við Húsafell | 1979 | 30x50 | 22.000.- | 50x60 | 30.000.- |
| 51 **Í álögum**- Við Þingvallavatn | 1978 | 36x50 | 22.000.- | 50x60 | 30.000.- |
| 52 **Landið vort fagra** - Hvítá - Eiríksjökull - Strútur | 1973 | 95x116 | | | 100.000.- |
| 53 **Jarðteikn** - Skessubaugar í Nýjadal | 1969 | 50x70 | 37.000.- | 66x90 | 55.000.- |
| 54 **Skemmdegisskima** - Öxárfoss í klakaböndum | 1979 | 50x70 | 42.000.- | 70x87 | 60.000.- |
| 55 **Vetrarsólhvörf** - Þingvellir | 1975 | 80x120 | | | 110.000.- |
| 56 **Skammdegisbirta** - Frá Þingvöllum - Hrafnabjörg | 1968 | 50x70 | 37.000.- | 69x87 | 55.000.- |
| 57 **Vetrarkvíði** - Kirkjan á Þingvöllum | 1967 | 50x50 | 39.000.- | 67x70 | 55.000.- |
| 58 **Samstaða** Við Veiðivötn | 1968 | 50x65 | 37.000.- | 66x86 | 55.000.- |
| 59 **Duldar vættir** - Eldhraun | 1979 | 36x50 | 21.000.- | 50x70 | 30.000.- |
| 60 **Húsið á hæðinni** - Við Álftavatn | 1979 | 36x50 | 21.000.- | 50x70 | 30.000.- |
| 61 **Leiðin langa** - Reykjadalsá | 1979 | 36x50 | 21.000.- | 50x70 | 30.000.- |
| 62 **Lyngið blundar** - Helgafell | 1978 | 36x42 | 17.000.- | 50x60 | 25.000.- |
| 63 **Vetrarsólhvörf** - Við Þingvallavatn | 1978 | 42x70 | 37.000.- | 62x88 | 55.000.- |
| 64 **Vonarbjarmi** - Frá Þingvöllum | 1965 | 80x120 | | | 110.000.- |

| | ár | mynd-stærð | verð án ramma | ramma-stærð | verð í ramma |
|---|---|---|---|---|---|
| 65 **Í fjallanna veldi II** - Dalsmynni í Norðurárdal | 1979 | 50x65 | 37.000.- | 67x86 | 55.000.- |
| 66 **Vetrarríki II** - Norðurárdalur - Baula | 1979 | 44x64 | 37.000.- | 64x80 | 55.000.- |
| 67 **Í fjallanna veldi I** - Kambshóll í Svínadal | 1979 | 50x70 | 37.000.- | 66x90 | 55.000.- |
| 68 **Silfurtungl** - Helgafell | 1978 | 30x50 | 22.000.- | 50x60 | 30.000.- |
| 69 **Aftanskin** - Hvalfjörður | 1978 | 36x50 | 22.000.- | 50x60 | 30.000.- |
| 70 **Leiðarljós** - Grótta | 1979 | 36x50 | 22.000.- | 50x60 | 30.000.- |
| 71 **Húmar að** - Björk í Aðaldal | 1978 | 36x50 | 22.000.- | 50x60 | 30.000.- |
| 72 **Vorfögnuður** - Skarfar við suðurströndina | 1979 | 76x118 | | | 110.000.- |
| 73 **Útvörður** - Hornbjargsviti | 1972 | 80x120 | | | 110.000.- |
| 74 **Árstíðaskipti** - Við Sandvatn - Mývatnssveit | 1971 | 75x123 | | | 110.000.- |
| 75-77 **Haustar að á Hallormsstað I, II og III** | 1969 | 36x50 | 22.000.- | 50x60 | 30.000.- |
| 78 **Tímanna tákn** - Úr Grjótaþorpi | 1979 | 50x70 | 42.000.- | 70x87 | 60.000.- |
| 79 **Mislitar perlur III** - Reykjavík | 1979 | 36x50 | 22.000.- | 50x60 | 30.000.- |
| 80 **Mislitar perlur II** - Reykjavík | 1979 | 36x50 | 22.000.- | 50x60 | 30.000.- |
| 81 **Perlur III** - Þjóðleikhúsið | 1979 | 36x50 | 22.000.- | 50x60 | 30.000.- |
| 82 **Perlur II** - Suðurgata 4 | 1979 | 36x50 | 22.000.- | 50x66 | 30.000.- |
| 83 **Mislitar perlur I** - Reykjavík | 1979 | 36x50 | 22.000.- | 50x60 | 30.000.- |
| 84 **Perlur I** - Bergstaðastræti 29 | 1978 | 36x50 | 21.000.- | 50x70 | 30.000.- |
| 85 **Karl Max o.fl.** - Frá höfninni | 1979 | 36x50 | 21.000.- | 50x70 | 30.000.- |
| 86 **Vorannir** - Höfnin | 1979 | 36x50 | 21.000.- | 50x70 | 30.000.- |
| 87 **Dansinn dunar** - 17. júní 1958 | 1958 | 37x50 | 22.000.- | 50x60 | 30.000.- |
| 88 **Boltaballett** - Akranes-KR | 1965 | 37x50 | 22.000.- | 50x60 | 30.000.- |
| 89 **Í vörinni** - Grímsstaðavör | 1973 | 50x70 | 37.000.- | 66x90 | 55.000.- |

| | ár | mynd-stærð | verð án ramma | ramma-stærð | verð í ramma |
|---|---|---|---|---|---|
| 90 **Samleikur II** - Höfnin | 1978 | 50x70 | 37.000.- | 66x90 | 55.000.- |
| 91 **Beðið eftir gerðardómi** - Við höfnina | 1979 | 50x70 | 37.000.- | 66x90 | 55.000.- |
| 92-95 **Örlög torfunnar** - myndröð | | 37x50 | 22.000.- | 50x60 | 30.000.- |
| 96 **Árblik I** - Dalsá í Vopnafirði | 1978 | 50x70 | 37.000.- | 66x90 | 55.000.- |
| 97 **Lesið í bergið** - Hengifoss (118 m) | 1969 | 50x65 | 32.000.- | 66x85 | 50.000.- |
| 98 **Lífsbarátta** - Úr Þórsmörk | 1969 | 50x70 | 37.000.- | 66x90 | 55.000.- |
| 99 **Hálendisins hialín III** - Útfellingar á Hveravöllum | 1979 | 36x50 | 22.000.- | 50x60 | 30.000.- |
| 100 **Árblik II** - Botnsá | 1978 | 36x50 | 22.000.- | 50x60 | 30.000.- |
| 101 **Þaraþankar II** - Bóluþang í Borgarfirði | 1969 | 36x50 | 22.000.- | 50x60 | 30.000.- |
| 102 **Vorfiðringur** - Norðurá - (Eyrin) | 1979 | 50x70 | 37.000.- | 87x70 | 55.000.- |
| 103 **Formleikur I** - Norðurá í föstu formi | 1979 | 50x70 | 37.000.- | 87x70 | 55.000.- |
| 104 **Hrannir** - Glanni í klakaböndum | 1979 | 50x70 | 37.000.- | 87x70 | 55.000.- |
| 105 **Spegilbrot II** - Höfnin | 1979 | 45x62 | 37.000.- | 65x80 | 55.000.- |
| 106 **Þaraþankar I** - Bóluþang í Borgarfirði | 1969 | 50x70 | 37.000.- | 67x89 | 55.000.- |
| 107 **Skriðuskrúð** - Eyrarrós og líparít | 1969 | 50x70 | 37.000.- | 70x87 | 55.000.- |
| 108 **Liljur skógarins** - Hólatjörn - Hallormsstað | 1969 | 50x70 | 37.000.- | 70x88 | 55.000.- |
| 109 **Skarfaskraf** - Við Grindavík | 1979 | 50x70 | 42.000.- | 70x87 | 60.000.- |
| 110 **Beisluð orka** - Hvalfjörður | 1978 | 46x70 | 37.000.- | 67x88 | 55.000.- |
| 111 **Þau sigla hvítu skipin** - Kálfshamarsvík | 1970 | 40x70 | 37.000.- | 60x88 | 55.000.- |
| 112 **Mótíf meistarans** - Dyrfjöll | 1969 | 50x70 | 37.000.- | 70x87 | 55.000.- |
| 113 **Húmar að kveldi** - Við Héraðsflóa | 1969 | 50x70 | 37.000.- | 70x87 | 55.000.- |
| 114 **Í sumarskrúða** - Laxfoss í Norðurá | 1966 | 50x70 | 37.000.- | 70x87 | 55.000.- |
| 115 **Vetrarríki I** - Laxfoss í Norðurá | 1979 | 50x70 | 37.000.- | 70x87 | 55.000.- |

| | ár | mynd-stærð | verð án ramma | ramma-stærð | verð í ramma |
|---|---|---|---|---|---|
| 116 **Formleikur II** - Norðurá í föstu formi | 1979 | 50x70 | 37.000.- | 66x88 | 55.000.- |
| 117 **Hafblik** - Í Hvalfirði | 1978 | 50x60 | 37.000.- | 66x83 | 55.000.- |
| 118 **Hringaná** - Reykjadalsá | 1979 | 40x70 | 37.000.- | 60x88 | 55.000.- |
| 119 **Þverskurður** - Keflavíkurvegur | 1979 | 43x70 | 37.000.- | 63x87 | 55.000.- |
| 120 **Óboðnir gestir I** - Hafís | 1979 | 50x70 | 37.000.- | 70x87 | 55.000.- |
| 121 **Menúett** - Straumsvík | 1979 | 50x70 | 42.000.- | 70x87 | 60.000.- |
| 122 **Sól í suðri hnigur** - Á Álftanesi (Keilir) | 1978 | 50x70 | 42.000.- | 71x87 | 60.000.- |
| 123 **Lágnættissól** - Málmey | 1968 | 43x70 | 37.000.- | 63x87 | 55.000.- |
| 124 **Vitaðsgjafi** - Laxá í Aðaldal | 1971 | 50x70 | 37.000.- | 70x87 | 55.000.- |
| 125 **Samtaka nú** - Tjörn í Aðaldal | 1971 | 50x70 | 37.000.- | 70x87 | 55.000.- |
| 126 **Hafrót** - Við Grindavík | 1979 | 36x50 | 21.000.- | 50x70 | 30.000.- |
| 127 **Snævarspil** - Í Hvalfirði | 1979 | 36x50 | 21.000.- | 50x70 | 30.000.- |
| 128 **Óboðinn gestur** - Frá Vestmannaeyjum | 1971 | 33x50 | 21.000.- | 50x70 | 30.000.- |
| 129 **Gjálfur** - Neskaupstaður | 1966 | 50x50 | 29.000.- | 66x70 | 45.000.- |
| 130 **Hvild** - Fjarðarárgljúfur | 1968 | 50x50 | 29.000.- | 66x70 | 45.000.- |
| 131 **Umrót** - Hengifossá | 1969 | 84x120 | | | 100.000.- |
| 132 **Hringleikur** - Á Ólafsfirði | 1978 | 34x50 | 22.000.- | 50x60 | 30.000.- |
| 133 **Landlega** - Á Neskaupstað | 1964 | 36x50 | 22.000.- | 50x60 | 30.000.- |
| 134 **Veiðigyðjan** - Við höfnina | 1979 | 50x70 | 52.000.- | 68x89 | 70.000.- |
| 135 **Slökun** - Við höfnina | 1979 | 36x50 | 32.000.- | 50x60 | 40.000.- |
| 136 **Hvild** - Við höfnina | 1979 | 36x50 | 32.000.- | 50x60 | 40.000.- |
| 137 **Farið á fjall** - Markarfljót | 1964 | 50x70 | 37.000.- | 70x86 | 55.000.- |
| 138 **Svartur sólargeisli** - Kórun fer fram | 1968 | 50x50 | 39.000.- | 67x70 | 55.000.- |

| | ár | myndstærð | verð án ramma | rammastærð | verð í ramma |
|---|---|---|---|---|---|
| **139 „Perfectionistinn"** - Hörður Ágústsson, listmálari | 1979 | 35x47 | 22.000.- | 50x60 | 30.000.- |
| **140 „Colouristinn"** - Kristján Davíðsson, listmálari | 1958 | 36x46 | 21.000.- | 50x70 | 30.000.- |
| **141–143 „Inspiration"** - Ragnheiður Jónsdóttir | 1979 | 35x50 | 22.000.- | 50x60 | 30.000.- |
| **144-146 Hugarsmið I, II og III** - Einar Þorláksson, listmálari | 1979 | 35x46 | 21.000.- | 50x70 | 30.000.- |
| **147 Viltu í nefið?** - Jóhann Jósefsson bóndi á Skaga | 1970 | 35x45 | 22.000.- | 50x60 | 30.000.- |
| **148 „Húmoristinn"** - Örlygur Sigurðsson, listmálari | 1979 | 36x50 | 22.000.- | 50x60 | 30.000.- |
| **149 „Góða veislu gjöra skal"** - Kristján bóndi á Hólmavaði | 1970 | 35x50 | 21.000.- | 50x70 | 30.000.- |
| **150 Síðasti landpósturinn** - Hannes bóndi á Núpstað | 1968 | 35x50 | 21.000.- | 50x70 | 30.000.- |
| **151 Forsetinn og fræðimaðurinn** - Dr. Kristján Eldjárn | 1969 | 50x70 | 62.000.- | 66x92 | 80.000.- |
| **152-177 Að loknu dagsverki meistarans** - Myndröð frá vinnustofu Kjarvals | 1969 | 50x50 | 39.000.- | 67x70 | 55.000.- |
| **178 Birtu brugðið** - Við Þingvallavatn | 1978 | 36x50 | 21.000.- | 50x70 | 30.000.- |
| **179 Farið á fjall** - Í Markarfljóti | 1964 | 80x120 | 21.000.- | 50x70 | 120.000.- |
| **180 Landið er fagurt og frítt I** - Skaftafell – Hvannadalshnjúkur | 1966 | 96x117 | 21.000.- | 50x70 | 100.000.- |
| **181 Vetrarboði** - Úr Þjórsárdal - Búrfell - Hekla | 1964 | 47x70 | 37.000.- | 68x88 | 55.000.- |
| **182 Öldungarnir** - Í Kollafirði | 1966 | 50x70 | 37.000.- | 68x87 | 55.000.- |
| **183 Ljósið úr Forsæludal** - Vatnsdalsá | 1978 | 50x70 | 37.000.- | 68x87 | 55.000.- |
| **184 Huliðsheimar** - Vatnsdalshólar | 1964 | 50x70 | 37.000.- | 68x87 | 55.000.- |
| **185 Landssynningur** - Úr Skagafirði | 1966 | 80x118 | | | 100.000.- |
| **186 Orka** - Úr Hólmatungum | 1966 | 80x120 | | | 100.000.- |
| **187 Prófasturinn predikar** - Á Látrabjargi | 1966 | 45x62 | 37.000.- | 66x79 | 55.000.- |
| **188 Stefnumót** - Í Hólmatungum | 1966 | 50x70 | 37.000.- | 70x87 | 55.000.- |



Ýmsar upplýsingar um sýninguna:

Myndirnar eru allar stækkaðar hjá TURICOP í Sviss.
Myndavélar: Hasselblad og Canon AE1.
Filmur: Ektachrome og Kodachrome.
Stækkunarpappír: Kodak E4.
Uppliming stærstu myndanna: Ólafur Ólafsson.
Innrömmun í ál ramma: Þorgeir Pétursson.
Patentrammar: Frá Hans Petersen.
Hönnun á merki og sýningarskrá: Fanney Valgarðsdóttir.
Málun auglýsingaskilta: Ásgeir Gunnarsson.
Aðstoð við skipulag og upphengingu mynda: Stefán Snæbjörnsson og Jón Reykdal.
Litgreining ljósmynda í sýningarskrá: Myndamót.
Setning og prentun: LITBRÁ-offset.

Öllum þessum snillingum er þakkað gott samstarf.

◄Auðn